

Stjórnarfundur ÍTF 16. ágúst 2024

Mættir fulltrúar: Orri, Jón Rúnar, Guðbjörg, Baldur og Samúel á Teams.
Fjarrverandi: Styrmir, Heimir

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Gestur: Þórir Hákonarson fyrri hluta

Fundur settur kl 12:00

Fyrir var tekið:

1. 6 mánaða uppgjör ÍTF

- Þórir Hákonarson fór yfir 6 mánaða uppgjör ÍTF en reksturinn er á miðað við fjárhagsáætlun. Einnig voru umræður um lausafjárstöðu ÍTF en eins og kynnt var á síðasta ársþingi, þá var ákveðið að greiða aðildarfélögum fulla greiðslu og jafna tekjur frá samstarfsaðilum út samningstímann. Tekjuflæðið er ójafnt á milli ára og koma háar greiðslur í lok samningstímann. Í lok árs verður þessi staða úr sögunni en í næstu samningum verður ekki samþykkt að hafa samningana eins afturhlaðna eða ójafna á milli ára.

2. Fréttir af KSÍ

- Frestun á HK og KR. Farið var yfir málsatvik eins og þau hafa komið fram í fjölmiðlum, hvað gekk á í aðdraganda þessa leiks og hverjir ferlar KSÍ voru/eru í kjölfarið.
- Víkingar í umspil – færslur á leikjum. Birgir fór yfir stöðu Víkinga í Evrópukeppni UEFA og hvað það myndi þýða fyrir Bestu deildina ef Víkingar færu áfram í deildarkeppni UEFA.
- Starfshópur um leyfiskerfi KSÍ – Þórir fór yfir stöðu mála í starfshópnum. Verið er að einfalda leyfisreglur og setja á laggirnar 3 mismunandi leyfiskerfi. 1 – Leyfiskerfi fyrir félög í Bestu deild karla. 2 – Leyfiskerfi fyrir félög sem taka þátt í mótum á vegum UEFA. 2 – Leyfiskerfi fyrir félög í Bestu deild kvenna og Lengjudeild karla.
- Starfshópur um nýjar lánareglur – Birgir fór yfir stöðu mála í starfshópnum sem hefur fundað 3 sinnum. Umræður sköpuðust um útfærsluna og Birgi falið að koma skilaboðum á næsta fund starfshópsins. Vinnan gengur mjög vel og eru vinnan langt á veg komin enda allir aðilar sammála markmiðunum sem er að fjölga leikjum okkar efnilegustu leikmanna. Næsta skref er að funda með aðildarfélögum og fá þeirra sýn eða hugmyndir á útfærsluna.

3. Framleiðsla í Lengjudeild



ÍTF

Íslenskur Toppfótbolti

Fornubúðir 5

220 Hafnarfjörður

toppfotbolti@toppfotbolti.is

- a. Birgir fór yfir stöðu mála í Lengjudeildinni og Media Hub. Búið er að endursemjja við OZ og sjá þeir núna um 5 velli í Lengjudeild karla. Samhliða því hefur ÍTF keypt Spiideo myndavélar á hina 7 vellina og mun sjá um framleiðsluna á þeim völlum út keppnistímabilið. Unnið er að því að skipta út eldri Spiideo vélum sem tóku leikina upp á 25 römmum per sek á meðan nýju vélarnar eru að framleiða leikina í 50 römmum á sek. Eldri vélar verða nýttar á æfingavöllum félaga eða settar upp á öðrum völlum.
- b. Samhliða þessum breytingum þá var samningi ÍTF við OZ vegna Media Hub sagt upp og var Halldór ráðinn inn sem verkefnastjóra fyrir Media Hub. Sú breyting hefur gengið mjög vel og hefur Halldór komið mjög vel inn í það hlutverk enda þekkti hann það frá sínum tíma hjá OZ. Þessar breytingar eiga að leiða til hagræðingar í framleiðslunni og Media Hub félögunum til góðs.
- c. Livey Sport hefur keypt sjónvarpsréttinn að Lengjudeildinni en haldinn var fundur með félögum í Lengjudeild karla og tilboðið kynnt þeim á dögnum. Allir leikir verða því aðgengilegir á Livey Sport síðunni og öllum snjallsjónvörpum. Unnið er að því að koma áskriftinni inn á myndlykla. Einn leikur í hverri umferð verður í opinni dagskrá á YouTube rás Lengjudeildar. Félögin njóta góðs af sölu áskrifta og mikilvægt að þau séu dugleg að auglýsa deildina og áskriftina á sínum samfélagsmiðlum.

4. Önnur mál

- a. Ný heimasíða ÍTF er tilbúin (www.itf.is) en verið er að setja inn gögn á síðuna. Síðan er hugsuð sem upplýsingasíða fyrst og fremst og þarna munum við deila áhugaverðum skýrslum eða öðrum gögnum sem við fáum inn til okkar.
- b. Birgir fór yfir væntanlegar breytingar á Þróunarstyrk UEFA (NPC Solidarity payments) en það er ekki komin lokastaðfesting frá UEFA á þessum breytingum. Ísland mun fá rúmlegar 2. milljónir evra sem skiptist á milli félaga í Bestu deild karla, félaga sem ekki komast í deildarkeppni UEFA (áður riðlakeppni). Umræður er í gangi á milli UEFA, ECA og European Leagues hvort eigi að heimila að 10-15% af upphæðinni verði greidd félögum í Lengjudeild karla. Einnig mun UEFA greiða út 70% af upphæðinni í febrúar 2025 og 30% í júní ár hvert. Félög munu því fá tvöfalda greiðslu á nýju ári. Birgir mun senda póst á aðildarfélög í Bestu deild karla og kynna nýjustu breytingarnar ítarlega.
- c. Úrslitaleikur í Lengjudeild karla er settur á Laugardalsvelli þann 28. september kl 16:00. ÍTF mun funda með KSÍ þegar nær dregur leik til að undirbúa framkvæmd leiks og framleiðsluna.
- d. Fyrirhugaður er fundur með dómsmálaráðherra varðandi umhverfi veðmála hér á landi. Þar verður rætt um mikilvægi þess að vernda knattspyrnuna fyrir hagræðingu úrslita en stærsti samningur ÍTF er við Genius Sports þar sem þeir keyptu streymis og gagnarétt út keppnistímabilið 2026.

5. Ekki fleira rætt og fundi slitið 13:50



ÍTF

Íslenskur Toppfótbolti

Fornubúðir 5

220 Hafnarfjörður

toppfotbolti@toppfotbolti.is